

Kristín Sólveig Kristjánsdóttir
sérnámslæknir í bráðalækningum



Kristín Sólveig Kristjánsdóttir og Aaron Palomares.

Sólmyrkvadagur í lífi okkar allra

Lok janúar 2026, Aaron félagi minn hringir og spyr hvort ég sé til í viku í Ólafsvík með honum í ágúst. Ég, agndofa af hrifningu yfir skipulagshæfileikum og óþjóðlegri framsýni, segi auðvitað já! Febrúar sama ár ... það rennur upp fyrir mér að þessi tiltekna vika er sólmyrkvavikan og eitt augnablik finnst mér Aaron ekki eins frábær og venjulega en það leið hratt hjá.

12. ágúst 2026 – fimm þúsund sálir alls staðar af hnettinum eru samankomnar á fótboltavelli við Hellissand – og það er ekkert vesen!

Fólk fagnar tilverunni og náttúrunni í alls konar múnderingum og enginn fullur að angra náungann.

Alls voru um 15.000 manns á Snæfellsnesi þessa daga og allt til fyrirmyndar. Það var ekki alveg heiðskirt þennan dag en jökullinn ruddi sig og skartaði sínu fegursta. Auðvitað voru uppákomur, stuttu eftir miðnætti á fimmtudeginum sló út öllu rafmagni á aðalsviðinu og hátíðargestir sitja eftir í myrkrinu. Ég get rétt ímyndað mér að aðstandendur hátíðarinnar hafi upplifað andtáktaks streitu. En móðir náttúra kveikti á norðurljósagjörnungi sem bjargaði málunum.

Það var í nógu að snúast þessa daga. Í viðbót við komur frá heimaþólki fengum við til okkar nokkra óvana, sem höfðu stigið út á malarlóða í roki og unnið sér inn heimsókn á heilsugæsluna. Fólk er alveg forviða á því hvað malarstígar, mosi og blautir slóðar eru ótraust undirlag – enda aldrei séð slíkt um dagana. Sem sveitastelpa er ég enn hissa þegar ég hitti fólk sem aldrei hefur stigið fæti út fyrir malbik – en þið sem hafið unnið í héraði og á bráðamóttöku hafið líklega öll hitt fólk sem mætir beinbrotið eftir fyrstu kynni af hálfu, heiðarlegri þúfu eða bara planinu á BSÍ með öllum sínum holum.

Í vor varð ljóst í hvað stefndi hvað varðar aðsókn á Snæfellsnes þennan dag og ekki laust við smá angst í mínu hjarta við tilhugsunina um umferðina á vegum sem varla bera heimamenn eins og er – og álagið á heilbrigðisstarfsfólk sem hefur í nógu að snúast á venjulegum miðvikudegi. Mannskapurinn sem ber nesið uppi alla daga stóð sig frábærlega og HVE bætti vel í hópinn með hjúkrunarfræðingum, bráðataeknum og sjúkraflutningamönnum. Ég er sannfærð um að margra mánaða undirbúningur og samtöl um hvað gæti mögulega komið upp og hvernig við ætluðum þá að bregðast við hafi skilað sér. Lyfjabúrið var fitað með tiltækum ráðum gegn ofskömmtnum, eitrunum og sýkingum, það voru þrjú sjúkrabílaholl – sem öll nýttust í botn. Það var sérstaklega skemmtilegt að vinna með mínum dásamlegu kollegum, þau Guðrún G. Björnsdóttir og Aaron Palomares fóru á kostum og við vorum klár í hvað sem er – og það er líklega besta vörnin gegn illum öndum.

Stuttir stöðufundir og gott upplýsingaflæði með vel virku „crew resource management“ skilaði sér vel. Allt þetta dásamlega fólk hjá Heilbrigðisstofnun Vesturlands og aðstandendur Sólmyrkvahátíðarinnar eiga mikið hrós skilið. Þetta var hressandi upplifun og ég er til í hvað sem er með þessum mannskap.

Hjartans þakkir fyrir skemmtilega daga!



Kristín Sólveig Kristjánsdóttir, Guðrún G. Björnsdóttir bráðalæknir og Birna Dröfn Birgisdóttir.



Mannskapurinn í viðbragðsstöðu. Myndir/aðsendar